

**Ed.**

## **490. Frumvarp til laga**

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

### **1. gr.**

1. Ákvæði III. kafla l. nr. 44/1946 varðandi fjárframlög og lánveitingar af hálfu ríkissjóðs til sveitarfélaga koma því aðeins til framkvæmda, að sérstök heimild sé veitt til þess í fjárlögum hverju sinni.
2. Gjöld til ríkissjóðs samkvæmt IX. kafla l. nr. 68/1947 skulu innheimt með verðlagsuppbót árið 1948.
3. Greiðsla á 1 milljón af framlagi ríkissjóðs 1948 samkv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 35/1946 skal fresta til ársins 1957.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt sumpart til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á yfirstandandi ári, sumpart til að afla ríkissjóði aukinna tekna, svo sem nánar skal vikið að.

### **Um 1.**

Með ákvæðum III. kafla laga nr. 44/1946 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupsýslum er ríkissjóði lögð sú skylda á herðar að lána sveitarfélögum til 50 ára með 3% vöxtum allt að 75% af byggingarkostnaði húsa, er sveitarfélög reisa fyrir þá, sem búa í heilsuspillandi íbúðum. Auk þess ber ríkissjóði að leggja til í viðbót vaxtalaust lán til 50 ára, er nemi 10% af byggingarkostnaðinum. Ríkissjóður hefur orðið að taka nú þegar 5 millj. kr. lán í þessu skyni, með óhagstæðum kjörum. Þar sem hér er um mikla fjárhagslega byrði að ræða fyrir ríkissjóð, er stefnt að því með þessu frv. að létta téðri skyldu af ríkissjóði, nema sérstök ákvæði þar um séu sett í fjárlög hverju sinni.

### **Um 2.**

Hér er leitað heimildar til að innheimta gjöld til ríkissjóðs samkv. IX kafla laga nr. 68/1947 um eftirlit með skipum, með verðlagsuppbót, til að standa straum af framkvæmd laganna.

### **Um 3.**

Loks er farið fram á til að létta á ríkissjóði, að frestað verði greiðslu á 1 millj. kr. af þessa árs framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs samkv. 13. gr. laga nr. 35/1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.